



COVID-19 bólusetningar einstaklinga með ofnæmi

Eftirfarandi ofnæmissjúklinga má bólusetja án sérstakra ráðstafana:

Einstaklingar með sögu um bráðaofnæmi vegna:

- Fæðuofnæmis
- Latexofnæmis
- Skordýraofnæmis (geitunga)
- Loftborinna ofnæmisvalda (dýra, frjókorna, myglu, rykmaura)
- Lyfja sem gefin eru um munn
- Einstaklinga með ættarsögu um bráðaofnæmi

Þessir einstaklingar eru ekki líklegri til að fá bráðaofnæmi við bólusetningu en almennt þýði.

Athugið að allir þurfa að bíða á bólusetningarstað í lágmark 15 mín. eftir bólusetningu vegna möguleika á bráðum einkennum eftir bólusetningu.

Eftirfarandi ofnæmissjúklinga á ekki að bólusetja við COVID-19:

Einstaklingar með sögu um bráðaofnæmiskast

- af óþekktum toga
- vegna fyrri bólusetningar
- vegna annarra lyfja sem gefin eru í vöðva eða undir húð
- vegna ofnæmis fyrir polyethylene glycol (PEG) eða polysorbate (Tween 80)

Hópar sem ætti að bólusetja á sjúkrastofnun og bíða 30 mín. eftir bólusetningu:

- Einstaklingar með astma sem ekki eru einkennalausir á núverandi meðferð
- Einstaklingar með undirliggjandi mastfrumuger (mastocytosis)

Félag ofnæmis- og ónæmislækna mælir einnig með að bólusetja alla sem eru á beta blokkerum við þessar aðstæður en við bólusetningar einstaklinga í heimahjúkrun var ekki talin óþarfa áhætta að bólusetja einstaklinga á beta-blokkum í heimahúsi.